# GJALDSKRÁ

**fyrir byggingarleyfis-, þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld í Snæfellsbæ.**

1. gr.

*Almenn ákvæði.*

1.1. Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

1.2. Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

2. gr.

*Byggingarleyfisgjald.*

Fyrir byggingarleyfi skv. 43. gr., sbr. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga, skal greiða gjöld sem hér segir:

2.1. *Íbúðarhúsnæði.*

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðasetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 2.1.1 | Einbýlishús | 94.200 pr. lóð |
| 2.1.2 | Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð | 80.720 pr. íb. |
| 2.1.3 | Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum | 65.600 pr. íb. |
| 2.1.4 | Fjölbýlishús, tvær hæðir með fjórum íbúðum eða fleiri | 56.100 pr. íb. |
| 2.1.5 | Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri | 46.900 pr. íb. |
| 2.1.6 | Sumarhús | 71.600 pr. lóð |
| 2.1.7 | Sumarhús með gestahúsi | 79.420 pr. lóð |

2.2. *Atvinnu- og þjónustuhús, stofnanir og önnur mannvirki – einnig sama húsnæði með íbúðum.*

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðasetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 2.2.1 | Gólfflötur allt að 500 m² | 107.000 |
| 2.2.2 | Gólfflötur 500 – 1.000 m² | 190.000 |
| 2.2.3 | Gólfflötur 1.001 – 2.000 m² | 280.000 |
| 2.2.4 | Gólfflötur 2.001 – 5.000 m² | 415.000 |
| 2.2.5 | Gólfflötur stærri en 5.000 m² | 550.000 |

2.3. *Gripahús.*

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðasetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 2.3.1 | Gólfflötur allt að 99 m² | 19.500 |
| 2.3.2 | Gólfflötur 100 – 199 m² | 26.000 |
| 2.3.3 | Gólfflötur 200 – 499 m² | 58.500 |
| 2.3.4 | Gólfflötur 500 – 799 m² | 123.500 |
| 2.3.5 | Gólfflötur 800 – 1.999 m² | 195.000 |
| 2.3.6 | Gólfflötur 2.000 m² og upp úr | 299.000 |

2.4. *Óeinangraðar geymslur/hlöður og áþekk hús.*
Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðasetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 2.4.1 | Gólfflötur að 99 m² | 13.000 |
| 2.4.2 | Gólfflötur 100 – 199 m² | 19.500 |
| 2.4.3 | Gólfflötur 200 – 499 m² | 31.200 |
| 2.4.4 | Gólfflötur 500 – 799 m² | 62.400 |
| 2.4.5 | Gólfflötur 800 – 1.999 m² | 182.000 |
| 2.4.6 | Gólfflötur frá 2.000 m² | 286.000 |

2.5. *Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar.*
Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdrátta. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðasetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 2.5.1 | Sólstofur, garðhús, einbýlishús viðbygging, heimilisgróðurhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla og viðbyggingar allt að 20 m² | 35.200 |
| 2.5.2 | Viðbyggingar 21 – 100 m² | 650 pr. m² |
| 2.5.3 | Viðbyggingar stærri en 100 m². Gjöld eru þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er. | |
| 2.5.4 | Ekki er greitt byggingarleyfisgjald fyrir garðhús undir 6 m² | |

3. gr.
*Þjónustugjöld.*

3.1. Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir, sbr. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 3.1.1 | Afgreiðslugjald | 8.790 |
| 3.1.2 | Endurskoðun aðaluppdrátta | 10.200 |
| 3.1.3 | Endurnýjun byggingarleyfis án breytinga | 7.300 |
| 3.1.4 | Áfangaúttekt/stöðuúttekt, skýrsla | 25.500 |
| 3.1.5 | Úttekt vegna meistaraskipta | 25.500 |
| 3.1.6 | Úttekt vegna byggingarstjóraskipta | 25.500 |
| 3.1.7 | Útttekt vegna rekstrarleyfis | 25.500 |
| 3.1.8 | Húsaleiguúttektir á íbúðarhúsnæði | 25.500 |
| 3.1.9 | Húsaleiguúttektir á atvinnuhúsnæði | 35.700 |
| 3.1.10 | Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft | 8.600 |
| 3.1.11 | Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi | 23.950 |
| 3.1.12 | Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fnr. > 5 | 3.300 |
| 3.1.13 | Tímabundin stöðuleyfi | 20.300 |
| 3.1.14 | Fyrir hverja auka útsetningu lóðar/húss; pr. mælingu | 24.460 |
| 3.1.15 | Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar, óendurkræft | 20.000 |
| 3.1.16 | Grenndarkynning, minniháttar | 10.300 |
| 3.1.17 | Grenndarkynning, umfangsmikil | 44.700 |
| 3.1.18 | Breyting á lóðarleigusamningi | 27.500 |
| 3.1.19 | Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs | 15.600 |

3.2. Fyrir gerð nýs deiliskipulags eða vegna breytinga á þegar samþykktu deiliskipulagi ber viðkomandi hagsmunaaðili allan kostnað af breytingunum.

4. gr.
*Framkvæmdaleyfisgjald.*

4.1. Fyrir framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. sbr. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 4.1.1 | Afgreiðslugjald við móttöku framkvæmdaleyfisumsóknar | 8.790 |
| 4.1.2 | Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar | 8.790 |
| 4.1.3 | Lágmarksgjald framkvæmdaleyfis | 32.500 |

4.2. Skipulags- og byggingarfulltrúi áætlar fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.
4.3. Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.
4.4. Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins hluti af kostnaði þess við útgáfu leyfis.

5. gr.
*Gjalddagi, lögveð.*

5.1. Gjalddagi afgreiðslugjalda er við afgreiðslu umsókna.
5.2. Gjalddagi leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.
5.3. Gjalddagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.
5.4. Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.
5.5. Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

6. gr.
*Verðlagsbreytingar.*

6.1. Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2010 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölu. Byggingarvísitala í janúar 2010 er 100 stig.

7. gr.
*Gildistaka o.fl.*

7.1. Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 4. febrúar 2010 er í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum og byggingarreglugerð nr. 441/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.
7.2. Með samþykkt gjaldskrár þessarar fellur úr gildi eldri gjaldskrá skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi, nr. 106/2003.

*Snæfellsbæ, 5. febrúar 2010.*

**Kristinn Jónasson** bæjarstjóri.

---